

**Samantekt:** Hversu ánægðir eru stjórnendur með st  
**Nemandi:** Þuríður Helga Kristjánsdóttir  
**Sérsvið:** Mannauðsstjórnun  
**Dagsetning:** Maí 2007

## 1 Útdráttur

Markmið þessarar ritgerðar er að kanna hversu ánægðir stjórnendur eru með undirmenn sína. Megindlegt rannsóknarsnið var valið sem umgjörð rannsóknarinnar. Spurningalisti var lagður fyrir 284 stjórnendur hjá 56 fyrirtækjum, 130 hjá hinu opinbera og 154 í einkageiranum. Eitt af yfirlýstum markmiðum fjölda skipulagsheilda er að njóta sem bestra starfskrafta hverju sinni og er því áhugavert að vita hversu ánægðir stjórnendur eru með undirmenn sína. Rannsókn sem þessi gæti auðveldað starfsþróunardeildum að koma auga á hvar vandamál liggja í samskiptum yfirmanna og undirmanna.

Í ritgerðinni er fjallað um hvað stjórnendur geti gert til að ná því besta fram hjá starfsfólki sínu. Viðfangsefnið eru; mannauðsstjórnun, hvatning, stjórnun, opinberi geirinn og ráðningarferlið. Gerð er grein fyrir aðferðafræði rannsókna og sérstaklega megindlegra rannsókna, sagt frá undirbúningi rannsóknarinnar, framkvæmd, úrvinnslu gagna og niðurstöðum. Einnig er gerð grein fyrir þeim vandamálum og hindrunum sem komu upp við gerð rannsóknarinnar.

Helstu niðurstöður eru þær að stjórnendur eru almennt ánægðir með starfsfólk sitt og vildu 53.6% aðspurðra endurráða flesta eða alla starfsmenn sína. Í ljós kom að 36.5% aðspurðra fannst þeir sitja uppi með óhæfan starfsmann. Ekki reyndist marktækur munur milli stjórnenda hjá hinu opinbera og í einkageiranum hvað varðar ánægju.

Mikið er til af rannsóknum þar sem sjónarhorn starfsfólks á vinnustaðinn er kannað en fáar þar sem sjónarhorn stjórnenda kemur fram og hvaða sýn þeir hafa á starfsfólkið sitt. Kveikjan að þessari rannsókn er tilvitnun úr bók Bratton og Gold (2003) *Human resource management: Theory and practice*. En þar segir að mannauðsstjórar séu upp til hópa óánægðir með starfsmenn sína og mundu ekki endurráða 60% af því. „HR directors are largely dissatisfied with the quality of their employees ... they would re-hire less than 60% of current employees ... “ (bls: 287). Tilvitnunina eigna þeir könnun frá 1999 sem birt er á [www.ddiworld.com](http://www.ddiworld.com). Þrátt fyrir ítrekaða leit fann rannsakandi ekki þá könnun sem Bratton og Gold vitna til.